

2. Vörur sem aðrir aðilar en um ræðir í 1. tölulið fá endursendar frá útlöndum og ekki hafa verið endurgreidd aðflutningsgjöld af, þ.m.t. virðisaukaskattur. Hafi gjöld verið endurgreidd teljast þær ekki endursendar í skilningi reglna þessara og skulu teknar til tollmeðferðar með venjulegum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 463/1984, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna endursendingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum, með áorðnum breytingum.
3. Vörur sem sendar eru tímabundið til sýningar erlendis eða tæki, verkfæri og annað þess konar sem vísindamenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis til útlanda til nota þar við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi, enda hafi þess verið getið í útflutningsskýrslu og beiðni um skoðun vörunnar við útflutning hver ætlaður endursendingartími þeirra sé.

Sama á við um ferðamenn og aðra sem fara til skamrar dvalar erlendis enda hafi þeir framvísað varningnum við brottför og gert grein fyrir honum á þar til gerðu eyðublaði.

4. Bifreiðar og bifhjól svo og önnur farartæki sem aðilar flytja með sér til útlanda til tímabundinna nota þar, enda hafi þeim verið framvísað við tollgæsluna til skoðunar við útflutning og jafnframt verið gerð grein fyrir þeim á þar til gerðu eyðublaði sem ríkistollstjóri lætur gera.

Tollfrjáls innflutningur samkvæmt reglum þessum er, auk þeirra skilyrða sem um ræðir í 1. mgr., bundin því skilyrði að tollafgreiðsla vegna endursendra vara fari fram innan árs talið frá útflutningsdegi þeirra, nema tollstjóri heimili lengri frest. Beiðni um tollfrjálsan innflutning vara samkvæmt reglum þessum jafngildir yfirlýsingu umsækjanda um að aðflutningsgjöld, þ.m.t. virðisaukaskattur, hafi ekki verið endurgreidd við útflutning þeirra. Sé þessa ekki gætt teljast vörurnar ekki endursendar í skilningi þessara reglna og skulu aðflutningsgjöld, þ.m.t. virðisaukaskattur, lögð á og innheimt við tollafgreiðslu.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1990,

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 463/1984, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna endursendingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum, sbr. reglugerð nr. 589/1987, um breyting á henni.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein er verði 10. gr. er orðist svo, jafnframt því sem núgildandi 10. gr. verði 11. gr.:

Tollstjóra er óheimilt að endurgreiða samkvæmt reglugerð þessari skattskyldum aðilum, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þann virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið af innfluttri vöru. Við uppgjör á virðisaukaskatti skal innskattur, af innfluttri vöru, dreginn frá útskatti samkvæmt lögum um virðisaukaskatt og reglugerðum og öðrum

fyrirmælum settum samkvæmt þeim, enda séu að öðru leyti gætt ákvæða þessarar reglugerðar um endursendingu, eyðileggingu, skemmdir, rýrnun eða vöntun, sbr. einnig 7. mgr. 20. gr. virðisaukaskattslaga.

Tollstjóra er heimilt að endurgreiða öðrum aðilum en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar virðisaukaskatt vegna vara sem þeir hafa sjálfir flutt inn, og þeir hafa greitt virðisaukaskatt af við tollafgreiðslu varanna, enda sé að öðru leyti gætt ákvæða reglugerðar þessarar.

Beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts á innfluttri vöru samkvæmt reglugerð þessari jafngildir yfirlýsingu umsækjanda um að upphaflegum viðskiptum með vöruna sé lokið. Hafi vara því fengið tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari en síðan verði send eða seld sama eða öðrum aðila hér á landi að nýju eða ný vara verði send í hennar stað telst það ekki endursending vörunnar í skilningi 5. eða 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 og ber að taka vöruna að nýju til tollmeðferðar og greiða af henni aðflutningsgjöld með venjulegum hætti, þ.m.t. virðisaukaskattur.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1990,

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 47/1984, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endurseldar eru til útlanda.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Að því leyti sem ekki er ákveðið annað í reglugerð þessari, m.a. um tollskoðun, tryggingar og endurgreiðslu virðisaukaskatts, skulu fyrirmæli í reglugerð nr. 463/1984, um lækkun, niðurfellingu, endurgreiðslu vegna endursendingar, eyðilegginga, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, gilda um tollmeðferð endurseldra vara.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1990,

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.